# GRÆNASTI BORGARHLUTINN
## Græn svæði og almenningsrými

LANDSLAG






***Grænar tengingar og nærliggjandi íþróttafélög***




***Skipulagsáfangar***
***1 Ártúnshöfði - 2 Elliðaárvogur***



**Loftmynd 2020**



***Ártúnshöfði, Elliðaárvogur og Vogabyggð***
***Geirsnefið borgargarður með íþróttaaðstöðu***


Sævarhöfði - borgarlínustöð
Uppbyggingarsvæði við Elliðaárvog


Krossamýrartorg -borgarlínustöð
Uppbyggingarsvæði á Ártúnshöfða





***Elliðaárvogur, bakkar Elliðaáa***
***- stígar, ofanvatnslautir og leiksvæði***



***Hamarinn***
***- stígar, ofanvatnslautir og leiksvæði***
























***Krossamýri – torg og garður***







**HÖNNUNARHANDBÓKIN**
**Græn svæði og almenningsrými**

# Götur



*Gönguás*



*Húsagata*



*Borgargata*



*Vistgata*



*Græn húsagata*






*Götutré hafa ýmsa kosti. Þau skapa vistlegt, skjólsælt og aðlaðandi umhverfi. Þau binda göturýmið saman , draga úr aksturshraða og aðskilja gangandi vegfarendur sjónrænt frá akandi vegfarendum. Þá ljá þau rýminu sterka árstíðartilfinningar og séreinkenni. Loks eiga þau sinn þátt í að hægja á ofanvatni og auka líffræðilega fjölbreytileika.*

***Götutre***

*Staðsetja skal hjólastæði markvisst um byggðina. Flestu hjólastæðin eru við torg, við borgarlínustöðvar og við skóla. Minni hjólastæði eru staðsett við djúpgáma, verslanir, þjónustur og biðstöðvar Strætó.*






Hjólastæði á torgum



Hjólastæði í götum



Hjólastæði við áningarstaði







# Hjólastæði











*Ofanvatnsrásir taka við ofanvatni og sía það niður í jarðveginn eða veita því yfir í aðra viðtaka. Þær eru ýmist harðar eða þaktar grasi eða gróðri og fer það eftir staðsetningu. Á opnum grænum svæðum eru graslagnar ofanvatnsrásir viðeigandi en í þröngum borgarrýmum fer best að nota harðar ofanvatnsásir sem taka mið af umhverfi sínu.*

***Blágrænar ofanvatnslausnir***



*Borgarlínan ferðast á sérrými eftir Stórhöfða og stöðvar við Sævarhöfða og á Krossamýrartorgi. Jarðhæðir meðfram þessum samgönguás verða almennt virkar eða opnar í samræmi við hugmyndir um línulegan miðbæ sem settar eru fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Þær skulu tengjast göturýminu beint svo skapa megi aðlaðandi umgjörð um verslanir og veitingastaði við götuna.*
*Gatan er hönnuð í anda breiðstræta þar sem röð stórra götutrjáa afmarka sérrými Borgarlínunnar, sem staðsett er í miðju götunnar.*
*Líta má á biðstöðvar Borgarlínunnar sem eins konar hlið inn í hverfið og andlit þess útávið. Umhverfi þeirra gefur fyrirheit um aðra hluta hverfisins og er tilkomumikið eftir því. Stöðvarnar eru undir skýli og vandaðar, með farmiðasjálfsölum, upplýsingaskiltum og hjólastæðum. Aðgengi fyrir alla er tryggt með því að hafa brautarpalla í hæð við golf borgarlínuvagnanna.*

**Borgarlínan**













*Í inngörðum randbyggðar skal skapa skilyrði til útiveru og leikja í hlýlegu og gróðursælu umhverfi.*
*Bílakjallarar skulu hannaðir burðarþolslega út frá þeim forsendum.*
*Huga skal að gönguleiðum í gegnum garðana og nothæfum séreignareitum á jarðhæðum.*







## ***Inngarðar***





Gönguásinn er sólríkt og skjólsælt rými sem nýtur nálægðar við Hamragarðinn. Við hönnun á gönguásnum skal taka mið af því að hann gegni fjölbreyttu hlutverki og verði samkomustaður fyrir alla aldurshópa. Þetta næst meðal annars með því að bjóða upp á fjölbreytta bekki og setsvæði (sjá götugögn á næstu blaðsíðu).

Í miðjunni er almenningsrýmið, þar er göngu-, dvalar og leiksvæði rýmisins. Yfirborð er vandað. Lýsingin má gjarnan vera sérhönnuð fyrir rýmið. Næst húsum eru sérnotareitir sem eru aðskildir frá almenningsrýminu með gróðurþekju.

Breidd göngusvæðisins er breytileg eins og sjá má á þrívíddarmynd. Æskilegt er að yfirborð götunnar og gróðurþekjan meðfram henni sé einnig síbreytileg svo skapa megi fjölbreyttar upplifanir fyrir vegfarendann.

Tjám er plantað í þyrpingum og valin með það í huga að krónurnar séu veglegar en hleypi sólarljósi þó í gegn. Dæmi um slíkar trjátegundir eru Askur (Fraxinus exelsior) og Gráelri (Alnus incana).

Huga skal sérstaklega vel að þeim kafla göngugötunnar sem mætir Hamragarðinum. Hér gæti stórt leiksvæði brúað bilið milli hins ótamda og hins manngerða.

*Götutré plöntuð í þyrpingum*

*Breiður grænn jaðar meðfram jarðhæðum*

*Hjólastæði staðsett markvisst um ásinn*









*Dæmi um fjölbreytta bekki og setsvæði.*



*Dæmi um velheppnað leiksvæði við gönguás.*



*Dæmi um samspil gönguáss og gróðurþekju.*

**Dæmi um opnu í bók**



Umbreytt Geirsnef -borgargarður